



MERKURTÚN

Sumar og vetur



SUMAR OG VETUR

Hönnunartillagan Suma og vetur er innblásin af hafinu, formum þess, litum og áferð. Einnig er töluvert notast við steypu sem skapar skemmtilega tengingu við sementsverksmiðjuna sem spilar stóran þátt í atvinnusögu bæjarins. Akranes er ekki síst þekkt fyrir fótbolta, en þar sem nú þegar er góð aðstaða til fótboltaíðkunar á Akranesi þótti ekki ástæða til að gefa því rými í þessari tillögu. Engu að síður fær hreyfing og hreysti sinn sess. Hjólbraut þar sem hægt er að æfa ýmsar kúnstir og hreyfibraut með tækjum fyrir unga sem aldna. Yngstu börnin fá leiksvæði við sitt hæfi. Þúfnahopp og leiktæki úr náttúrulegum efnum. Grillsvæði og næg sæti í þeim hluta garðsins sem nýtur mestar sólar.

INNGANGUR FRÁ SKÓLABRAUT

Inngangur garðsins við Skólabraut er færður til austurs til að skapa meira rými og betri nýtingu á garðinum. Með færslu inngangsins er einnig möguleiki á að koma fyrir bílastæðum við Skólabraut 2/4. Lagt er til að settur verði upp skúlpúr við innganginn til að fanga athygli fólks á garðinum sem eiga leið um Skólabraut. Skúlpúrin er þessari tillögu er tartan þúfa í bláum lit. Hún á að laða að fólk og börn þannig að það vekir forvitni og löngun til að nýta garðinn.

RÝMI GARÐSINS

Göngustígur liggur í gegnum garðinn miðjan og skiptir honum upp í tvö rými. Með því að færa inngang garðsins austur, við Skólabraut, skapast meira rými og betri nýting á vestari hluta garðsins. Vestari hluti garðsins er ætlaður fyrir hreyfingu en austari hlutinn fyrir dvalarsvæði, enda nýtur þar betur sólar og hlýju.

VATN

Svæðið með vatnsbrunninum hefur margþættan tilgang. Vatnsbrunnarnir gefa róandi hjóð inn í rýmið, listræna upplifun og geta verið uppspretta skemmtilegra leikja hjá börnum. Þetta svæði er svo hægt að nýta sem skautasvæði á veturna og skapa þannig möguleika á vetrargarði. Inn í hringnum væri einnig hægt að koma fyrir upplýstu jólatré á aðventunni sem mun gefa fallega stemningu á skautasvellinu. Einnig væri garðurinn tilvalinn fyrir uppsetningu á jólaborpi.

ÞÚFNAHOPP


Misstórar þúfur úr tartani til að hoppa og fela sig getur skapað ævintýrlega stemningu.

STEYPTUR KANTUR

Steyptur kantur bylgjast um garðinn frá norðri til suðurs, frá inngangi við Skólabraut og að Sóleyjargötu. Um leið og form kantsins endurspeglar öldur hafnsins, leiðir hann gestina inn ævintýri garðsins. Á völdum stöðum eru útbúnir timurbekkir með setu og baki. Kanturinn er einnig nýttur til að lyfta upp gróðurbeðnum inn móti garðinum til að auka rýmis- og skjólmyndun. Þannig skapast ákveðið andrými fyrir fólk á öllum aldri til að setjast niður, eitt með sjálfum sér, án þess að vera í hringiðu leiks.

LEIKTÆKI

Lögð er áhersla á við val á leiktækjum að þau séu ekki að finna á Akranesi þannig að þetta verði eitthvað nýtt og spennandi og færi líf inn í garðinn. Samkvæmt grófrí könnun á opnum svæðum, skóla- og leikskólalöðum á Akranesi að þá má ætla að hjólabretta- og hjólbraut sé eitthvað nýtt og spennandi og einnig einhverskonar hreystibraut. Hjólabretta- og hjólbraut vekur yfirleitt áhuga ungfólksins og unglínganna og hreystibraut er fjölnota íþróttatæki fyrir allan aldur. Einnig var stuðst við hugmyndir frá börnum á Akranesi, en þau nefndu t.d. hreystibraut, sandkassa, klifurgrind, hjóla- og hjólabrettabraut.



Snið A1-A2

Mkv. 1:150